



503. Stjórnarfundur haldinn 21. mars 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Már Bragason (BMB)
Fjarverandi: Eva Björk Sveinsdóttir (ES)

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Viðskiptayfirlit frá LÍ vegna verðbréfaeignar Keflavíkur. **Móttakið.**

Erindi frá Jónasi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar. Knattspyrnudeild óskar eftir heimild á kreditkort deildarinnar að upphæð einni milljón króna. **Móttakið. Erindið Samþykkt.**

Erindi frá Ingigerði Sæmundsdóttur vegna afhendingar á styrk Isavia. **Móttakið.**

Tölvupóstur frá Nova. Nova hefur keypt Símafélagið og segir upp samkomulagi sem var við Símafélagið. Nova býður 50% afslátt næstu 6 mánuði. **Móttakið. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.**

Tölvupóstur frá Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ vegna uppflettingar í sakaskrá með afriti af bréfi til Ríkissaksóknara og niðurstöðum á uppflettingum sem voru 39 einstaklingar og allir stóðust grunnskoðun.

Erindi frá körfuknattleiksdeild vegna framlengingar á yfirdrætti sem deildin er með hjá LÍ. **Móttakið.**

Erindið samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda bréf til LÍ.

Tölvupóstur frá Arnfríði Aðalsteinsdóttur jafnréttisstofu v/athugsemða við jafnréttisáætlun Keflavíkur.

3. Send bréf

Bréf sent á LÍ bt: Arnar Hreinsson þar sem körfuknattleiksdeild er veitt heimild til yfirdrattar til 15. maí 2018.

Tölvupóstur sendur á Arnfríði Aðalsteinsdóttur jafnréttisstofu sem innihélt jafnréttisáætlun Keflavíkur.

4. Formanna- og gjaldkerafundur

Formanna- og gjaldkerafundur verður haldinn þriðjudaginn 27. mars kl. 18:00. EH fór yfir drög að dagskrá.

5. Umhverfisdagur Keflavíkur 2018

Umhverfisdagur Keflavíkur 2018 verður þriðjudaginn 24. apríl. **Framkvæmdastjóra falið umsjón með deginum.**

6. Námskeið

Námskeið í Nóra var haldið 19. mars kl. 17:00. Átta fulltrúar mættu. **Ákveðið að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið. Framkvæmdastjóra falið málið.**

7. Önnur mál

Fundur í gervigrasvallarnefnd sem átti að vara 16. mars 2018 var frestað.

Kaup á stuðningsmannakortum hjá knattspyrnudeildinni fyrir stjórnarmenn aðalstjórnar. **Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að kaupa kort fyrir aðalstjórnarmenn.**

EH sagði frá því að hann yrði erlendis frá 6. – 16. apríl.

BI kom inn á að svæðið á gamla malarvellinum liti ekki vel út. Nokkrar umræður um málið.

BS spurði um stöðuna á Hringbraut 108. EH sagði að húsið stæði autt. BI kom inn á að það þyrfti að óska eftir því að það yrði settur upp stafrænn mælir fyrir heita vantið.

EH sagði frá því að búið væri að greiða Isavia styrkinn til deilda og einnig væri búið að greiða inn til félagsins fyrstu tvær greiðslur af þjálfarastyrk Reykjanesbæjar 2018.

Næsti fundur 5. apríl kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 19:05 Fundinn ritaði BS.

